

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Brynjar Þór Jónasson
Dags. 28. júní 2019
Mnr. 2019060070



ÍSAFJARÐARBÆR

Sundlaug Flateyrar tjón á þakvirki

Febrúar 2019 kom í ljós mikill leki inná þaki sundlaugar Flateyrar, við nánari skoðun var ljóst að um lagnaleka var að ræða og því Vátryggingafélag Íslands, tryggingafélag Ísafjarðarbæjar, kallað til. Ljóst er að lekinn hefur verið til stað í nokkurn tíma og ástand þaksins því orðið nokkuð slæmt.



Mars 2019 staðfesti Vátryggingafélag Íslands bótaskyldu vegna umrædds tjóns og fékk Tækniþjónustu Vestfjarða ehf. til að taka út skemmdirnar og orsakir. Tækniþjónusta Vestfjarða ehf. skilaði af sér tjónamati 13. maí 2019 og er tjónið metið á 53,3 milljónir. Endanlegar bætur hafa ekki verið samþykktar en 27. júní ákvað VÍS að greiða 30,0 milljónir til tjónþola.

Málið verður endanlega útkljáð að loknu sumarleyfi.